

Fundargerð

Almennur félagsfundur Ferðafélags Akureyrar haldinn 8. janúar 2009 kl. 20.00.

1. Hilmar Antonsson, formaður FFA setti fundinn og bauð gesti velkomna.
2. Roar Kvam, formaður ferðanefndar sagði frá starfi ferðanefndar. Ferðanefnd hefur haldið 16 fundi frá síðasta aðalfundi og gengið frá ferðaáætlun fyrir árið 2009, þar er að finna 54 ferðir af ýmsum toga. Roar sagði m.a. frá gönguviku sem haldin er í samstarfi við Ferðafélagið Hörg og Ferðafélag Svarfdæla. Mikil aukning var í ferðir félagsins á s.l. ári og veltu menn fyrir sér hvað vægi þyngst í þeirri aukningu og voru sammála um að fríar dagsferðir fyrir félagsmenn skiptu miklu máli í því sambandi. Roar hvatti félagsmenn til að koma tillögum um ferðir til ferðanefndar. Í tengslum við umræður um ferðir var vakin athygli á gönguhópi sem fer frá sundlaug Akureyrar kl. 19.00 alla mánudaga.
3. Hilmar sagði frá byggingu varðarhúss í Laugafelli sem fyrirhugað er að byrja á núna í febrúar. Í ljósi aðstæðna í Þjóðfélaginu má reikna með lengri byggingartíma en undanfarið. Þó er gert ráð fyrir því að loka húsinu fyrir haustið og koma því á staðinn sumarið 2010. Hilmar auglýsti eftir sjálfbóðaliðum og sagði FFA hafa notið mikils velvilja sjálfbóðaliða í gegnum tíðina.
4. Kaffihlé.
5. Almennar umræður.
 - a. Hilmar sagði frá þeim vangaveltum sem fram hafa komið í stjórn að fækka auglýsingum í Dagskránni, auglýsa þar bara einu sinni í mánuði allar ferðir mánaðarins í stað þess að auglýsa vikulega. Sitt sýndist hverjum um þetta. Sumum fannst þetta góð hugmynd og ítrekuðu mikilvægi þess að nota betur heimasíðu FFA til auglýsinga. Öðrum fannst sem vikulegar auglýsingar skipta miklu máli m.a. til að minna almenning á félagið og tilgang þess. Niðurstaðan varð sú að Roar ætlar að fá tilboð í auglýsingar fyrir FFA. Hilmar nefndi einnig þá hugmynd að ráða manneskju á skrifstofuna í tvær klst á viku til að skrá í ferðir vikunnar, sjá um hluta af bókunum í skála og annað smálegt. Fram komu bæði kostir og gallar við þessa hugmynd.
 - b. Jakob Kárason nefndi að aðstæður við Víti í Öskju væru varasamar og vísaði til þess að stígurinn niður að Víti getur verið hættulegur t.d. í rigningartíð. Þar sem Askja er friðuð heyrir svæðið og framkvæmdir þar undir Umhverfisstofnun. Nokkuð var rætt um hvernig best væri að tryggja öryggi ferðamanna á þessum slóðum.

Fundi slitið kl. 10.00

Fjóla Kristín Helgadóttir ritaði fundargerð